

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 30.1.2025

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Sigvaldi Þór Einarsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Ársþing HSB – fyrsta boðun

Ársþing HSB verður haldið 13. mars í Hlyn, sal eldri borgara á Húsavík. Þingið er haldið á fimmtudegi og hefst klukkan 17:00. Þingið er haldið af Völsungi.

Lagt fram.

2. Stefnumótun íþróttta- tómstundamála

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála ásamt forgangsröðunarlista sem lagður var fyrir starfshópin.

Lagt fram.

3. Trúnaðarmál

Framkvæmdastjóri rakti málið og hvernig hefði verið brugðist við af hálfu Völsungs.

Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig málið var unnið.

4. Körfubolti

Fyrir aðalstjórn liggur bréf frá Beatriz Long Bautista þar sem óskað er eftir að körfubolta verði bætt við almenningsíþróttadeild. Einnig er rakið í bréfinu hvernig hún sér fyrir sér að koma íþróttinni af stað á Húsavík.

Aðalstjórn tekur vel í að taka körfubolta undir almenningsíþróttadeildina. Varðandi samþættingarverkefnið að þá er framkvæmdastjóra falið að ræða það við starfshóp samþættingar.

5. Drög að bréfi vegna vökvunarbúnaðar á gervigrasvelli

Fyrir aðalstjórn liggja drög að bréfi þar sem óskað er eftir því að vökvunarkerfi verði komið fyrir um leið og skipt verði um gervigras.

Aðalstjórn samþykkir erindið og felur framkvæmdastjóra að senda erindið á Norðurþing.

Fundi slitið: 18:05